

## **Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn þriðjudaginn 4. mars 2014 og hófst kl 16:00.**

**Mættir:** Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Halla Rún Halldórsdóttir, María Guðmundsdóttir, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Hildur Stefánsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skýrsla skólustjóra grunn- og leikskóla**

##### **Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, skólustjóri Barnabóls:**

Almennt gengur starfsemi leikskólans vel.

- Búið að skrá Barnaból í skólapúlslinn en það er nýtt hjá leikskólum.
- Bóndadegi og Þorrablóti var slegið saman og gekk vel. Mömmukaffi á konudaginn og góð mæting.
- Móðurmálsvika í leikskólanum en þær Ina og Magda lásu fyrir börnin á þýsku, ensku og pólsku.
- Byrjendalæsið er í gangi og gengur vel.
- Elsti árgangurinn er byrjaður í skólaheimsóknum. Fara 3 daga í röð og reiknað með að gera það 3x alls 9 skipti yfir veturinn.
- Starfsmenn Barnabóls tóku þátt í lífshlaupinu en ekkert annað fyrirtæki á Þórshöfn svo það var keppt við Vopnafjörð án þeirra vitundar.
- Starfsmenn leikskólans fóru á Norðurljósdaginn.

##### **María Guðmundsdóttir, skólustjóri GB:**

- Það eru 2 nemendur í framhaldsáföngum í ensku, stærðfræði og íslensku.
- Landinn kom í heimsókn sl. mánudag út af vinnustofunum. Tekin viðtöl við börnin og þau stóðu sig vel.
- Þakið á skólahúsnæðinu lekur enn en það eru komnir gluggar sem á eftir að setja í. Það er búið að gera við alla gömlu staðina sem láku áður en lekur núna inn á nýjum stöðum.
- Nemendur í LNB fóru í áheitagöngu til að safna fyrir Samfés. Bakkafjarðarkrakkarnir ákváðu að vera sér. Farið verður á Samfés í næstu viku og Klemens fer með þeim.
- Kennslan gengur bara almennt vel.
- Hefur vantað borð í skólann. Búið er að safna fyrir 14 borðum. Þörf er fyrir 16 borð.
- Sótt var um í sprotasjóð til að þróa vinnustofunnar áfram og gera heimasíðuna.
- Vinnustofurnar voru kynntar á Norðurljósdaginum og það var góð mæting á það.

- María hitti þann sem hefur þróað björgunarsveitarvalið í Lundi. Hann er tilbúinn að koma til okkar og kynna hvernig þetta hefur þróast hjá þeim í Lundi.
- Unglingarnir á Bakkafirði eru farnir að vera með unglíngunum á Þórshöfn í íþróttum og stærðfræði. Síðan kemur einn nemandi úr 1 bekk í heimsókn á miðvikudögum.

#### **Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri GP:**

- **Læsi:** Lestrarfélagið hefur tekið til starfa á ný. Samkvæmt öllu þá er skólinn frekar illa staddur í læsi og því hefur verið lögð mikil áhersla á lestur. Verið að taka alla nemendur í 5.-10. bekk og láta þá lesa. Búið að vera lengur í gangi að láta 1.-4. bekk lesa. Verulegur árangur sést þegar svona áttak er í gangi en dalar svo aftur.
- **Olweus:** GP hefur sinnt því betur upp á síðkastið. Vilborg búið að fara á námskeið. Einelti virðist vera minna en áður samkvæmt könnun sem kynnt verður fljótlega.
- **Art:** Búið að leggja mikla vinnu í það. Verið að kenna reiðistjórnun og sjálfstjórn. 1-6 bekkur í samkenndu í Arti og það gefst vel
- **Gjafir:** Búið að kaupa inn góða hluti fyrir þær gjafir sem bærust skólanum.
  - **Numicon:** Það er kennsluverkfæri í stærðfræði sem er frábær viðbót í stærðfræðikennsluna og hentar fyrir alla aldursþóp.
  - **Listavagn:** Keyptur listavagn sem er ígildi einnar skólastofu. Í þessum vagni eru pappír og litir sem hægt að fara með um allar skólann.
  - **Náttúrulífspættir:** Keyptir inn náttúrulífspættir eftir Dawid Attenborough.
  - **Klukkur:** Keyptar klukkur í allar skólastofur.
  - **Raungreinastofa:** Búið að fá upplýsingar um það hvað þarf í raungreinastofu og verður það skoðað betur.
  - **Hátalarar:** Keyptir hátalarar fyrir talað mál fyrir og ferðasett af hátölurum.
- **Þróunarverkefni sem eru í gangi:**
  - Art.
  - Skólanámskrágerð.
  - Byrjendalæsi og orð af orði.
  - Nordplus, búið að sækja um aftur í það verkefni.
  - Grænfánaverkefnið, byrjað að huga að því.
- **Kannanir sem hafa verið framkvæmdar:** Ungt fólk, heilsa og kjör ungs fólks og skólapúlsinn.
- **Endurbætur á GP:** Það þurfti að gera endurbætur á tölvukerfunum. Búið að vera basl á innanhússímunum. Hillur hafa bæst við í skólastofur og börnin hafa sín hólf og þetta gefst vel. Komnir glerskápar. Búið að þetta gluggana í elstubejjastofunum og setja ofna og það er mjög gott. Búið að setja bækur í bókaherbergi. Komnar nýjar pumpur á útihurðir. Enþá verið að glíma við raka í skólanum sem þarf að koma í veg fyrir. Mikill hávaði í ljósunum og einstaklingar þola það misvel.

- **Starfsmannamál:** Ingveldur fór yfir starfsmannamál. Búið er að taka öll starfsmannaviðtöl. Minni forföll í vetur vegna flensu en á sama tíma í fyrra bæði hjá nemendum og kennurum.
- **Gestir og gangandi:**
  - Skólaþjónustan er búin að koma 3 sinnum.
  - Ingvar kom og vann að skólanámskrá.
  - Læsiskonur komu.
  - ART teymi.
  - Svalbarðsskólakrakkarnir komu í heimsókn.
  - O-bekkur kom í heimsókn.
  - E-twinning kynning(miðlun kennslu á netinu).
  - Brunnaæfingar, búið að halda 2 æfingar.
  - Viðgerðarmenn vegna tækja og tölvubúnaðar.
- **Viðburðir:**
  - Norðurljósdagurinn. Alls fóru 11 aðilar fóru frá GP á Norðurljósdaginn.
  - Árlegt þorablót haldið í Þórsveri.
  - Heilsudagur starfsfólks Kristín hjúkrunarfræðingur kom og mældi starfsfólk
  - Tónkvísl. Nemendur frá GP kepptu og stuðningslið fór frá Þórshöfn.
  - Samfés. Farið í þessari viku.
  - Skólahreysti. Keppt í því í næstu viku. 10 aðilar sem fara 4 keppa og 2 til vara. Gert myndband um skólahreysti sem hefur vakið mikla athygli.
  - Stóra upplestrarkeppnin er á Raufarhöfn.
  - Árshátíð GP er svo framundan.
  - Vika atvinnulífsins. Mikill áhugi á því að tengja skólana atvinnulífinu og það er hugsað í maí. Miklir möguleikar sem liggja í valinu. Það er svo margt sem vinnst út frá því.
- **Mentor:** Verið að þróa áfram að nota Mentor. Þar er starfsmannautanumhald, skóladagatal, samskiptatorg
- **Heimsíðan:** Nýja heimasíðan er að virka vel. Þá er einnig verið að nýta sér Facebook og Skype sem samskiptamiðla

## 2. Skýrsla Tónlistarskólans

### Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri tónlistaskólans:

Kadri vill vera áfram í eitt ár. Ingveldur og Kadri hittast vikulega á fundi sem er gott. Þar fer Ingveldur yfir málin með Kadri. Það var námsmat og kom vel út. Málefni tónlistaskólans rædd. Þarf að hlúa að tónlistaráhuga barnanna. Rætt um stofnun skólakórs.

## 3. Húsnæði leikskólans, staða verkefnisins:

Vinnan við hönnun á nýjum leikskóla sem fyrirhugað er að byggja við GP er í fullum gangi. Byggingarnefndin er að störfum og hittist reglulega. Orri arkitekt er að teikna og er í reglulegu sambandi við skólastjórnendur. Þarna er verið að reyna að hanna þetta í góðu samstarfi við stjórnendur og taka tillit til alls. Ákveðið að Siggeir muni senda teikningarnar á alla fundarmenn og í framhaldi verði haldinn fundur og farið yfir málið.

#### 4. Fagleg kennsla

Faglegt starf grunnskólanna. Hvernig gengur að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru fyrir hvern árgang? Til ítarlegur gátlisti frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir ábyrgð skólanefnda. Þarf að koma þessu í fastari skorður.

Skólastjórnendur þurfa að taka saman hvað mál þarf að funda um á hvaða tíma.

#### 5. Starfsmenn

- Farið yfir starfsmannamál í Grunnskólanum á Bakkafirði.
- Farið yfir starfsmannamál í leikskólanum Barnabóli.
- Búið var að tala starfsmannamál Grunnskólans á Þórshöfn undir skýrslu skólastjóra. Verður lítil sem enginn breyting á starfsmönnum milli ára.

#### 6. Framhaldsdeild

- Framhaldsdeildin var á Kanarí fyrir stuttu og gekk vel.
- Nú stefnir í verkfall framhaldsskólakennara og hætta við því að það geti orðið langt. Nemendur mega vera í menntasetrinu þó það verði verkfall.
- Nemendurnir eru duglegir og gengur vel hjá þeim.
- Það eru 6 nemendur núna. Næsti vetur lítur bara ágætlega út. Búið er að vera að vinna markvisst í því að kynna deildina meðal grunnskólabarna á svæðinu og foreldra þeirra. Hildur hefur verið í sambandi við Raufarhöfn um samstarf.

#### 7. Önnur mál

Ingvar hefur unnið með Langanesbyggð að skólastefnu og ýmsum öðrum málum undanfarinn ár og reynst vel. Skólanefnd telur rétt að leita til hans um áframhaldandi samstarf og fá hann til að veita stuðning við starf innan skólanna.

Fræðslunefnd mælir með því að gerður verði samningur við Ingvar Sigurgeirsson sem faglegs ráðgjafa skólamála í Langanesbyggð sem fyrst. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 18:30